

31. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 12. desember 2001 kl. 18:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Gretar D. Pálsson, formaður, Guðmundur Kristinsson, Páll Hjaltalín, Pálmi Ólafsson, Kristján Gunnlaugsson, Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri og Bæring Bjarnar Jónsson, arkitekt.

Formaður Gretar D. Pálsson setti fund og stýrði.

1. Nesvegur 13.
Framlögð ný eignaskiptayfirlýsing vegna breyttrar eignaskiptingar sbr. teikningu Ágústar Þórðarsonar, byggingafræðings. Samþykkt.
2. Framkvæmdir við Baulutanga.
Framlögð teikning eftir Erlar Kristjánsson, verkfræðing af vegslóða og grjóttgarði við Baulutanga. Framkvæmdirnar eru vegna fyrirhugaðrar komu Keikó í nágrenni Stykkishólms.
Nefndin samþykkir erindið fyrir sitt leiti.
3. Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022.
Bæring Bjarnar Jónssonar, arkitekt fór yfir skipulagsstillöguna og skýrði helstu niðurstöður við vinnuna.
Rætt var um framgang vinnunnar og auglýsingar og samþykkttaferli skipulagsins.
4. Byggingarfulltrúi.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir því að Sveinn Björnsson, byggingafræðingur mun koma til starfa sem byggingafulltrúi í Stykkishólmi um áramótin.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:05.

Óli Jón Gunnarsson, (sign.),
Guðmundur Kristinsson (sign.),
Páll Hjaltalín (sign.),
Gretar D. Pálsson (sign.),
Pálmi Ólafsson (sign.),
Þorbergur Bæringsson (sign.),
Kristján Gunnlaugsson (sign.).

Íhs.